

V. 6/26. I. 40

## Framfaravottur.

### I.

Mér hefir þótt gott að sjá og  
heyra hversu áhugi á bættri  
meðferð málsins er að glæðast.  
Þó virðast menn tæplega vera  
nógu vakandi gagnvart mál-  
galla, sem er ennþá verri en að  
segja e fyrir i, u fyrir ö, og  
bessháttar. En það er að i stað-  
inn fyrir framburð atkvæða og  
jafnvél heilla orða, komi að  
eins eitthvert óskiljanlegt uml  
eða muldur. Slikt er því miður  
nokkuð algengt orðið, og er  
stórhættulegt fyrir framtíð  
málsins.

### II.

Peir sem eru að læra útlend  
mál eins og t. d. dönsku eða  
ensku, aettu að veita því eftir-  
tekt hvernig fer þegar hljóð-  
villunum er ekki nægilega  
gaumur gefinn. Villan er þá  
leidd í kór, framburðarvillan  
verður að viðurkendri fram-  
burðarvenju. En málspillingin  
gerir ýmsa menningarframsókn  
miklu torveldari. Hygg eg, að  
til sliks megi jafnvél að nokkru  
leyti rekja það, að tilverufræði  
eða heimspeki nútímans skuli  
ekki vera komin lengra en er.  
Og að íslensk menning er þó  
ekki ver á vegi stödd þrátt fyrir  
miklu verri aðstöðu íslensku  
hljóðarinnar um flesta hluti en  
annarsstaðar er, hygg eg megi  
að verulegu leyti þakka því, að  
samhengi í máli hefir hér verið  
meira en í öðrum löndum, og  
málspilling minni.

9. jan.

Helgi Pjeturss.